

Priðja lota - Samskipti; umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni, samstaða

Í fyrstu lotu æfum við meðal annars eftirfarandi þætti. Þið getið einnig beint athygli að þessu heimavið.

Samvinna er megininntak þessarar lotu og börnin æfa sig markvisst í samvinnu og umburðarlyndi

1. Að virða mörk annarra

Það sem einum finnst stríðni getur annar upplifað sem einelti. Sá sem er strítt verður að setja sér sín mörk. Ekki er síður mikilvægt að útrýma ofbeldi sem felst í yfirgangi, stríðni eða einelti heldur en líkamlegu ofbeldi.

Við kennum börnunum að þau eru ábyrg fyrir eigin athöfnum, hegðun og orðum. Börnin læra að skilja að þau geta breytt hegðun sinni.

Við kennum börnum að segja hreint út hvað þau vilja í stað þess að tala um það sem þau vilja ekki. Dæmi um þetta getur verið að í stað þess að segja "Þið leyfið mér ekki að vera með í leiknum" er hægt að segja "Má ég leika með ykkur?".

→Heima getið þið til dæmis átt samræður um það hvað ykkur finnst felast í stríðni og æft ykkur í að nota hreinskiptni í samskiptum.

2. Að skilja fjölbreytileika samfélagsins

Við kynnum fyrir börnunum fjölbreytt fjölskyldumynstur því fjölskyldur eru ekki allar eins. Á sama tíma kennum við börnunum að virða skólasamfélagið og við ræðum um það hvernig allir hafa áhrif á umhverfi sitt. Til dæmis ef við göngum ekki vel frá hlutunum okkar og fatnaði hefur það áhrif á okkur sjálf en einnig aðra í skólanum.

→Heima getið þið spjallað um fjölbreytileika fólks og hvað það þýðir að vera þátttakandi í samfélaginu. Þið getið einnig velt því fyrir ykkur á hvaða hátt hegðun eins einstaklings hefur áhrif á aðra í kringum hann.

3. Að draga úr mistakaótta

Við æfum okkur í að gera mistök. Börnin læra að það að gera lítil mistök af og til eru eðlilegur hluti af lífinu og ekkert til að hafa áhyggjur af.

→Heima getið þið beint athyglinni að því hvernig foreldrar bregðast við mistökum barnsins og æft ykkur í að gera gott úr málunum. Til dæmis ef barn hellir niður mjólk getið þið sagt "gengur betur næst".

4. Frá neikvæðni til jákvæðni

Við veitum setningum sem innihalda neikvæð skilaboð og orð athygli og endurtökum þær á jákvæðan hátt.

→Þetta er gott að gera heima líka. Fjölskyldan getur til dæmis æft sig í að segja ekki "ekki".

5. Að hugsa vel um vinkonur og vini

Að aðstoða aðra, til dæmis yngri börn þegar þau eru að klæða sig áður en þau fara út að leika sér er flott verkefni sem gefur tilfinningu um mikilvægi.

Við setjum upp litla leikþætti þar sem börnin æfa sig til dæmis í að sýna grátandi börnum umhyggju og æfa sig í að hugga.

→Heima getur barnið kennt yngri systkinum, frændsystkinum eða öðrum börnum einhverja færni eða leiki sem það hefur lært.

Priðja lota – hrós og hvatning


Að nota viðeigandi hrós sem leggur áherslu á það sem verið er að efla með barninu þá stundina er skilvirkasta leiðin til að ná árangri. Hér eru hugmyndir til að hvetja börn á meðan á fyrstu lotu stendur.

Umburðalyndi – “Ég heyri að þú tekur tillit til skoðana annarra”

Hjálpsemi – “Gaman að sjá ykkur hjálpast að”

Víðsýni – “Þú sérð þetta frá mörgum sjónarhornum”

Samstaða – “Ykkur gengur vel að vinna saman”



Funded by the European Commission [Daphne III program](#).
European Commission is not responsible for the implementation and the content of the project.

Þriðja lota – Færni

Ræðið við barnið hvaða eiginleika hún/hann þarf að æfa meðan á fyrstu lotunni stendur og veljið eitthvað sem lítur að umburðarlyndi eða hjálpssemi.

Ákveðið saman á hvaða hátt þið ætlið að fagna árangri ef hann næst.

Þið getið innsiglað samning með undirskrift og þannig aukið mikilvægi þessarar ákvörðunar fyrir barn og foreldra.



Færni:



Verðlaun í lok lotunnar:



Undirskriftir:

